

Ómar Þröstur Björgólfsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. maí 2012
Tilvísun: UST20120300248/ksj

Tillaga að deiliskipulagi urðunarstaðar í landi Tjarnarlands.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunarstað í landi Tjarnarstaða á Fljótsdalshéraði. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum urðunarstaðarins, og hefur tillaga að matsáætlun vegna matsins verið til umsagnar hjá Umhverfisstofnun, en frummatsskýrsla er í vinnslu.

Staðsetning

Jörðin Tjarnarland er syðsti bær í Hjaltastaðapingá, sem nú er hluti af sveitarfélaginu Fljótsdalshérað. Landið er allt lágt og skiptast á votlendi og klettahryggir en víða má finna malarása á milli hryggjanna og er óræktað mólend vaxið lyngi og fjalldrapa. Landið er ekki á náttúruminjaskrá og hefur áður verið nýtt til urðunar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Frágangur

Í umfjöllun um frágang kemur fram að ætlunin sé að landinu verði skilað í sem líkustu ástandi og það var áður en urðun hófst á svæðinu. Einnig kemur fram eftirfarandi: „*Eftir lokun urðunarstaðar er hægt að nýta svæðið fyrir skógrækt svo dæmi sé tekið.*” Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að koma fram hve mikilvægt er að við uppgræðslu svæðisins verði notaður staðargróður, og upprunalegar tegundir við skógrækt svo sem birki, reynir og víðitegundir.

Lykt

Fram kemur í umfjöllun um lykt, að þar sem lykt er talin geta borist um 1 km frá virkum urðunarstöðum gæti hugsanlega einhver lyktarmengun greinst á Tjarnarlandi þegar vindátt stendur á bæinn. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um hvernig mögulega mætti koma í veg fyrir slíka lyktarmengun og ekki eru skoðaðar mögulegar mótvægisáðgerðir sem gætu dregið úr lyktarmengun frá urðunarsvæðinu.

Urðun og sigvatn

Í umfjöllun um urðun og meðhöndlun á sigvatni og öðru vatni kemur fram eftirfarandi: „*Deiliskipulagið getur haft nokkur staðbundin áhrif á vatn og því verður fylgst vel með vatni sem kemur frá urðunarsvæðinu og gert ráð fyrir söfnunarstað sem hægt er að safna því vatni sem kemur frá svæðinu og hreinsa það.*” Umhverfisstofnun bendir á að á uppdrætti er drengur sýndur langt út fyrir afmarkaða lóð urðunarstaðarins og er svæðið nefnt sýnatöku og meðhöndlunarsvæði. Einnig kemur fram að sigvatn verði meðhöndlað þannig að ekki verði mengun af þegar það er losað í umhverfið. Að öðru leyti er meðhöndlun sigvatns ekki lýst í umhverfisskýrslunni. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um meðhöndlun sigvatns óljósa og telur stofnunin að fjalla þurfi skýrar um þá meðhöndlun sigvatns sem fyrirhuguð er, m.a. um hreinsun þess, viðtaka og getu viðtaka til að taka við sigvatni. Að mati Umhverfisstofnunar ber jafnframt að fjalla um botnþéttingu á urðunarstaðnum. Í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs í 1. viðauka 3. lið sem fjallar um verndun jarðvegs og vatns segir: „*Urðunarstaður verður að vera þannig staðsettur og þannig úr garði gerður að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði sem varna því að jarðvegur, grunnvatn eða yfirborðsvatn mengist og sem tryggja að sigvatni sé safnað á skilvirknan hátt í þeim tilvikum sem þess er krafist samkvæmt 2. lið og eins og kröfur þar segja til um. Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal vernda með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu meðan rekstrar-/virkniskeið varir og með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og yfirborðþéttingu meðan óvirka skeiðið varir/eftir lokun*”.

Landslag


Í umhverfisskýrslu er fylgir með deiliskipulagstillögu af urðunarstað í Tjarnarlandi er ekki fjallað um áhrif deiliskipulagsins á landslag. Urðunarstaður hefur verið starfræktur á svæðinu og manir munu koma í veg fyrir neikvæð sjónræn umhverfisáhrif að einhverju leyti á starfstíma áætlaðs urðunarstaðar. Umhverfisstofnun benti á í umsögn um lýsingu deiliskipulagstillögu urðunarstaðarins á að í Náttúrumeraskrá Fljótsdalshéraðs kemur fram að landslag við bæinn Tjarnarland vitni um stöðnunarstig Héraðsjökuls í lok Ísaldar og telur Umhverfisstofnun að þess eigi að gæta að raska ekki því landslagi frekar ef þess er nokkur kostur.


Niðurstaða

Urðunarstaður í landi Tjarnarlands á Fljótsdalshéraði fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er unnið að gerð frummatsskýrslu vegna matsins. Á árunum 1991 – 2009 var úrgangur urðaður í landi Tjarnarlands og er nú áætlað að stækka urðunarsvæðið við

hlið eldri urðunarstaðar. Í umhverfisskýrslu er fylgir tillögu að deiliskipulagi urðunarstaðar í landi Tjarnarlands er farið yfir möguleg umhverfisáhrif deiliskipulagsins. Að mati Umhverfisstofnunar skortir umfjöllun um áhrif á landslag og einnig skortir skýringu og umfjöllun um ástæður þess að sigvatn er leitt um drenskurð nokkuð langan veg frá urðunarstaðnum. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að setja mætti fram tillögur að mótvægisáðgerðum vegna mögulegrar lyktarmengunar.

Virðingarfyllst


Olafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun